Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 26. febrúar 2026
26023485/999.00 IÝP

Ágrip: Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

Á fundi menntaráðs 3. mars 2026 kynna undirrituð ásamt Bergþóru Þórhallsdóttur, verkefnastjóra upplýsingatækni í skólastarfi, ný samræmd stöðu- og framvinduþróf sem bera heitið Matsferill.

Matsferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu hefur verið í undirbúningi undanfarin ár. Matsferill er nýtt námsmatskerfi sem dregur upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda reglulega yfir skólagönguna. Nemendur þreyta stöðu- og framvinduþróf í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði.

Prófin í lesskilningi og stærðfræði eru ný og eru útbúin fyrir alla árganga frá 4. bekk og upp í 10. bekk. Fyrirlögn í lesskilningi og stærðfræði er skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk. Í Kópavogi þreyta nemendur allra árganga frá 4. til 10. bekk stöðu- og framvinduprófin. Lesfimiprófin eru valkvæð og eru í boði í september, janúar og maí fyrir alla árganga grunnskólans.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026